

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

### 85. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu (BÁ) haldinn mánudaginn 8. október, 2007 að Austurvegi 52, Selfossi.

**Mættir:**

**Margrét K. Erlingsdóttir, formaður, og Snæbjörn Sigurðsson og Ólafur F. Leifsson.**

**Einnig mætti á fundinn: Börkur Brynjarsson, Jóhann G. Friðgeirsson, Ágúst Guðmundsson, Bjarni Ingimarsson og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð.**

Pórarinn Þorfinnsson boðaði forföll.

**Formaður, Margrét Erlingsdóttir bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 20.30. Hún lýsti ánægju sinni með fund þennan og það fyrirkomuleg sem samþykkt hefur verið hvað varðar þessa fundi. Stjórn væntir mikils af þessari vinnu með fulltrúum slökkviliðsmanna. Margrét sagði að helsti tilgangur þessa fundar væri að kynna slökkviliðsmönnum þær niðurstöður sem stjórn og fulltrúaráð B Á hefði ákveðið á fundum sínum síðastliðna viku varðandi húsnæðismál. Einnig að koma á fyrsta fundi með þessu fyrirkomulagi með fulltrúum slökkviliðsmanna og stilla strengi.**

#### 1. Húsnæðismál slökkviliðs. (Björgunarmiðstöðin)

Margrét fór yfir ýmis mál sem rædd hafa verið varðandi hugsanleg kaup B Á á húsnæðinu eða leigu á því. Hún sagði að óskað hefði verið eftir verðtilboði í húsið. Beiðni þess efnis var lögð fram 5. mars s.l. Tilboð barst í lok ágúst.

Einnig greindi Margrét frá aðkomu starfsmanna KPMG að þessu máli, þ.e.a.s. beiðni til þeirra að verðmeta kosti þess að leiga húsið í 25 ár eða kaup það.

Einar Sveinbjörnsson fór yfir forsendur útreikningsins, annarsvegar að leiga húsið eða að kaupa og niðurstöður hans. Þar kom fram að hagstæðara væri, miðað við verðlag dagsins í dag á lánamarkaði, að leigja húsnæðið.

Snæbjörn sagði frá sínum sjónarmiðum þess efnis að hann teldi betra að leigja húsið m.t.t. aðildarsveitarfélaga og hugsanlegrar stækkunar á vaktsvæði B Á.

Ólafur sagði frá því að hann hefði ávalt verið þeirrar skoðunar og kaupa húsnæði undir starfsemi B Á, en hann keypti rök sem hefðu komið fram og samþykkti því leiguleiðina.

Slökkviliðsmönnum var sagt frá samþykkt fulltrúaráðs B Á fyrr um daginn er þar var eftirfarandi samþykkt:

*Samþykkt að ganga til samninga við Björgunarfélag Árborgar um leigu á húsnæðinu á grundvelli viljayfirlýsingar dags. 28. 6. 2006 þar sem m.a. fram kemur 800 kr. leiguverð pr. m2. Samningur verður gerður til 25 ára samkv. viljayfirlýsingunni*

*Stjórn BÁ og slökkviliðsstjóri munu boða formann Björgunarfélags Árborgar og formann eignafélagsins til fundar og tilkynna þeim niðurstöður og leita eftir samningi um leigu á húsnæðinu.*

*Formanni og slökkviliðsstjóra falið að vinna að samningi við húseigendur. Samningur verður síðan lagður fyrir stjórn BÁ til yfirferðar og afgreiðslu. Samningur verður síðan undirritaður með fyrirvara um samþykki stjórnar aðildarsveitarfélaga BÁ.*

## 2. Rekstarmál

Ýmis innri rekstrarmál slökkviliðsins voru rædd sem skráð voru á minnisblað.

Þessi mál voru rædd:

- a) Útköll og röðun á mannskap í útköllum
- b) Menntunarmál
- c) Fatamál (Slökkvigallar og viðhafnarfatnaður)
- d) Fundarfyrirkomulag samráðsfunda
- e) Námskeiðsmál Brunamálastofnunar
- f) Klippumál

**Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 21.40**

**Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson, Snæbjörn Sigurðsson**

**Kristján Einarsson**